

# Fræðsla fyrir alla

Menntunarhlutverk safna

Staða og stefna

2007

s a f n a r á ð

the museum  
council  
of iceland

## Efnisyfirlit

---

Aðdragandi.....	3
Menntun á söfnum.....	6
Menntunarhlutverk safna - stefna.....	8
Menntunarhlutverk safna - markmið og leiðir.....	8

## Aðdragandi

Þann 20. október 2005 stóð Safnaráð fyrir málþingi um menntunarhlutverk safna. Erlendir frummælendur eru sérfræðingar á þessu sviði, þau Helene Illeris frá Danmarks Pædagogiske Universitet og David Anderson, sem stýrir fræðslu- og þjónustudeild á Viktoria and Albert Museum í London. Helene Illers hefur sérþekking á sviði menntunar á listasöfnum og David Andersson hefur unnið að stefnumótun í fræðslumálum safna í Bretlandi fyrir bresku ríkisstjórnina. Innlendir frummælendur voru Raket Pétursdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands, Sigrún Kristjánsdóttir, fagstjóri safnfræðslu á Þjóðminjasafni Íslands, Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Kópavogs og Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands.

Umræður á málþinginu sýndu fram á mikilvægi þess að unnið yrði að markvissri uppbyggingu þessa þáttar í safnastarfi. Ljóst er að ýmsir þættir hafa hamlað íslenskum söfnum við að framfylgja menntunarhlutverki sínu og er brýnt að sjónum verði beint að þeim þáttum. Bæta þarf þjónustu og starfsemi safna á þessu sviði og auka þannig árangur af þessum veigamikla þætti. Mikilvægt er að þeir sem sinna fræðslu- og menntamálum á söfnum taki höndum saman um að greina aðstæður og móta skýra stefnu til framtíðar um menntunarhlutverk safna.

Sem áframhaldandi starf að uppbyggingu og jákvæðri þróun á þessu sviði safnastarfs hóf Safnaráð undirbúning að skipulagi og framkvæmd samráðsfundar um mótun heildarstefnu um menntunarhlutverk safna. Var samráðsfundurinn haldinn 19. og 20. október 2006, á Þjóðminjasafni Íslands í Reykjavík.

Framkvæmdastjóri Safnaráðs setti á fót starfshóp um undirbúning og framkvæmd samráðsfundarins en í honum áttu sæti:

Álfheiður Ingadóttir, útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands  
Guðbrandur Benediktsson, deildarstjóri miðlunar, Minjasafni Reykjavíkur  
Ólöf K. Sigurðardóttir, deildarstjóri fræðsludeildar, Listasafni Reykjavíkur  
Raket Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs  
Raket Pétursdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands  
Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar  
Sigrún Kristjánsdóttir, fagstjóri safnfræðslu, Þjóðminjasafni Íslands

Markmið fundarins var að tryggja samráð þeirra sem starfa að menntunar- og fræðslumálum á söfnum um mótun stefnunnar. Samkvæmt ákvörðun Safnaráðs var starfsmönnum sem sinna menntunarhlutverki safna, sem uppfylla safnalög nr. 106/2001, boðin þátttaka í samráðsfundinum.

Þátttakendur samráðsfundarins voru:

AlmaDís Kristinsdóttir - Listasafn Reykjavíkur  
Arnþrúður Ingólfssdóttir - Þjóðminjasafn Íslands  
Auður Vésteinsdóttir - Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar  
Álfheiður Ingadóttir - Náttúrugripasafn Íslands  
Birgitta Spur - Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Björg Erlingsdóttir - Menningarmiðstöð Hornafjarðar  
Björn Pétursson - Byggðasafn Hafnarfjarðar  
Elfa Hlín Pétursdóttir – Minjasafn Austurlands  
Eva G. Þorvaldsdóttir - Grasagarður Reykjavíkur  
Guðbrandur Benediktsson - Minjasafn Reykjavíkur  
Guðný Dóra Gestsdóttir - Gljúfrasteinn - hús skáldsins  
Guðný Gerður Gunnarsdóttir - Minjasafn Reykjavíkur  
Haraldur Þór Egilsson - Minjasafnið á Akureyri  
Hilmar J. Malmquist – Náttúrufræðistofa Kópavogs  
Hlíf Gylfadóttir - Byggðasafn Vestmannaeyja  
Jóhanna Þormar - Grasagarður Reykjavíkur  
Jón Viðar Jónsson - Leikminjasafn Íslands  
Júlíana Gottskálksdóttir - Listasafn Einars Jónssonar  
Kristján Egilsson - Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja  
Lárus Vilhjálmsson - Nýlistasafnið  
Lýður Pálsson - Byggðasafn Árnesinga  
Margrét Hallgrímsdóttir - Þjóðminjavörður  
Martina Pöttsch - Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga  
Ólafur Kvaran - safnstjóri Listasafns Íslands  
Ólöf K. Sigurðardóttir - Listasafn Reykjavíkur  
Pétur Kristjánsson - Tækniminjasafn Austurlands  
Ragnheiður H. Þórarinsdóttir – Menntamálaráðuneyti  
Rakel Halldórsdóttir - Safnaráð  
Rakel Pétursdóttir - Listasafn Íslands  
Sigrún Ásta Jónsdóttir - Byggðasafn Reykjanesbæjar  
Sigrún Kristjánsdóttir - Þjóðminjasafn Íslands  
Sigurborg Hilmarsdóttir - Minjasafn Reykjavíkur  
Stefanía V. Gísladóttir - Bóka og byggðasafn Norður-Þingeyinga  
Thelma Björk Jóhannesdóttir - Listasafn Reykjanesbæjar  
Þorleifur Eiríksson - Náttúrugripasafn Bolungarvíkur  
Örlygur Kristfinnsson - Síldarminjasafn Íslands

Afrakstur fundarins er skýrsla þessi. Skýrslan er í tveimur hlutum:

1. hluti, sem hér fer á eftir, inniheldur þá stefnumótun sem fram fór á samráðsfundinum.

2. hluti hefur að geyma upplýsingar um niðurstöður könnunar sem framkvæmd var fyrir fundinn til að meta aðstæður á þessu sviði safnastarfs. Þann hluta er hægt að nálgast á heimasíðu Safnaráðs [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is).

Bundnar eru vonir við að mögulegt verði að nýta þá stefnu sem fram kemur í skýrslunni sem leiðarljós safna og setra við þróun og uppbyggingu þjónustu á sviði menntunar. Sambærilegar stefnur hafa verið unnar erlendis, einnig með víðtæku samráði, til að mynda í Bretlandi og Skotlandi og var litið til þeirra við undirbúning samráðsfundarins.

## Menntun á söfnum

Gildi safna í samfélaginu felst meðal annars í því að skapa almenningi lífsgæði í gegnum möguleika á símenntun og aðgengi að þekkingu, menningar- og náttúruarfi. Söfn gegna, að þessu leyti, mikilvægu hlutverki í samfélaginu og hafa sérstöðu á sviði fræðslu og menntunar. Nálægð við frumgögn þekkingarinnar, safngripina sjálfa og samhengi þeirra, ásamt óþrjótandi möguleikum til miðlunar skapa þá sérstöðu.

Bent hefur verið á að þau tækifæri sem söfn bjóða upp á til að sinna menntunarhlutverki séu vannýtt.<sup>1</sup> Söfn eru mikilvægur liður í menntun barna og unglinga en gegna ekki síður stóru hlutverki í símenntun almennings. Um er að ræða einstakar menntastofnanir þar sem almenningur getur aflað sér þekkingar út frá eigin forsendum. Þau eru vettvangur skapandi hugsunar og félagslegra samskipta. Það sem safn hefur umfram aðrar menntastofnanir samfélagsins er möguleikinn á að miðla í þrívídd, sem opnar fyrir fjölbreyttar aðferðir til miðlunar sem orka á öll skynfæri. Gestum er veitt tækifæri til milliliðalausrar tengingar við frumgögn og frelsi til að velja og hafna.

### **Safnfræðsla og menntunarhlutverk - skilgreining**

Hugtakið safnfræðsla hefur fest í sessi hér á landi sem samheiti yfir þær aðferðir og leiðir sem söfn nýta til menntunar og miðlunar fróðleiks. Oft á tíðum er hugtakið þröngt skilgreint og nær einungis yfir þjónustu safna við hið hefðbundna skólakerfi eða jafnvel einungis yfir þjónustu við grunnskóla.

Menntunarhlutverk safna er í reynd mun víðtækara og þörf á viðhorfsbreytingu bæði hjá safnmönnum sjálfum og einnig úti í samfélaginu þar með talið í skólakerfinu.

Menntun og fræðsla er undirliggjandi í öllu safnastarfi. Söfnun, varðveisla, forvarsla og rannsóknir á safnkosti fer fram meðal annars í því skyni, að miðla megi þekkingu um liðna tíð, náttúruna og listir til samtímans og komandi kynslóða.

Samkvæmt siðareglum ICOM, alþjóðaráðs safna, skapa söfn tækifæri til að njóta náttúru- og menningararfleifðar, skilja hana og kynna. „Söfnum ber sérstaklega skylda til að rækta menntunarpáttinn í starfi sínu og laða til sín safngesti úr því samfélagi, héraði eða samfélagshóp sem hvert safn þjónar.

<sup>1</sup> Guðbrandur Benediktsson og Rakei Halldórsdóttir: „Til hvers eru söfn“. Viðtal við David Anderson. Saga XLIV:1 2006, bls. 7-19.

Samskipti við þetta samfélag og ræktarsemi við arfleifð þess er grundvallaratriði í menntunarhlutverki hvers safns.<sup>2</sup>

Söfn eru einstakur vettvangur til menntunar þar sem umhverfið býður upp á fjölbreyttar leiðir og aðferðir til að koma upplýsingum á framfæri samtímis. Þar er samtímis hægt að koma þekkingu á framfæri með því að höfða til sjónar, heyrnar, snertiskyns, lyktarskyns og jafnvel bragðskyns.

### Þátttaka

Rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á að árangursríkasta leiðin til að meðtaka nýja þekkingu felur í sér virka þátttöku nemandans, fremur en einungis móttöku upplýsinga. Í því samhengi má segja að heimsókn á safn, þar sem safngesturinn nýtir sér fjölbreytta miðlun, sé árangursrík leið til menntunar. Eftirfarandi tafla sýnir fram á hversu hátt hlutfall af þekkingu nemandi meðtekur og man eftir námsaðferð:

Að lesa:	10%	(e. symbolic mode)
Að hlusta:	20%	(e. abstract passive)
Að horfa:	30%	(e. iconic mode/concrete passive)
Að segja frá:	70%	(e. enactive mode)
Að segja frá og reyna sjálf/ur:	90%	(e. experimental active) <sup>3</sup>

### Mikilvægi safna í menntun í samfélagslegu samhengi

Af fyrrgreindu er ljóst að söfn eru mikilvægur vettvangur menntunar í samfélaginu. Brýnt er að stjórnvöld og hagsmunaaðilar stuðli að því að þessi vettvangur verði nýttur til að ná auknum árangri í menntun barna og ungmenna í samstarfi við skólakerfið. Ekki síður eru söfn kjörinn vettvangur símenntunar. Menntun er máttur og eins og oft hefur verið bent á þá er aukin menntun það hreyfiafl sem stuðlar hvað helst að nýsköpun og framþróun í samfélaginu.

Þekking á fortíðinni og uppruna er mikilvæg þegar kemur að tilfinningu þegnanna fyrir samheldni og einingu samfélagsins. Jafnframt eru upplýst sjónarmið um hin ýmsu samfélagslegu málefni nútímans mikilvæg þegar kemur að umræðu og úrvinnslu samfélagslegra jafnt sem sértækra verkefna. Söfnin geta, með því að framfylgja menntunarhlutverki sínu á árangursríkan hátt og þróa það áfram, stuðlað að eflingu þessara grundvallarþátta í lýðræðissamfélagi.

<sup>2</sup> Siðareglur ICOM, alþjóðaráðs safna ([www.icom.is](http://www.icom.is)).

<sup>3</sup> Hooper-Greenhill, Eilean: Museums and their visitors. Routledge: London, 1994, p. 145.

## Menntunarhlutverk safna - stefna

Á Samráðsfundi Safnaráðs um menntunarhlutverk safna 19. og 20. október 2006, voru lagðar fram ábendingar sem fram koma í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008. Í stefnunni kemur m.a. fram þörfin á **auknu samstarfi** á öllum þessum sviðum, bæði við menntastofnanir, en einnig við aðrar stofnanir, fyrirtæki, félög og aðra aðila. Einnig kemur þar fram þörf á **bættri menntun**, þörf á þróun í átt til **faglegri aðferða**, þörf á **kröfum um gæði og mat á starfsemi** og þörf á **auknum fjárveitingum** til safnastarfs. Á fundinum voru einnig voru kynntar niðurstöður fyrrnefndrar könnunar.

### Menntunarhlutverk safna - markmið og leiðir

---

Neðanskráð stefna byggir á þeim markmiðum og leiðum sem sérfræðingar safna á sviði miðlunar unnu og samþykktu á samráðsfundi Safnaráðs 19. og 20. október 2006. Endanlegt form stefnunnar var unnin af starfshópi samráðsfundarins. Markmið stefnunnar eru mikilvægur grundvöllur hennar en leiðir að markmiðum eru tillögur að útfærslum hennar. Stefnunni er ætlað að vera safnmönnum og forsvarsmönnum safna verkfæri til eflingar og framþróunar menntunarhlutverks safna. Samfara því er stefnunni ætlað að skerpa vitund safnanna, eigenda og forsvarsmanna safna, ráðamanna og annarra um mikilvægi menntunarhlutverks safna og þróunar á því sviði.

MARKMIÐ:	LEIÐIR:
<p><b><u>Um fræðslustefnu safna og markmið með fræðslustarfi:</u></b></p> <p><b><u>Markmið 1</u></b> Söfn setji sér fræðslustefnu sem endurspegli hlutverk þeirra. Fræðslustefna safns tryggji aðgengi allra að þekkingu, efling sköpunarkraft, skilning og gagnrýna hugsun. Fræðslustefnan sé endurskoðuð reglulega.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fræðslustefna sé hluti af heildarstefnu safns og yfirlýsing um hana felist í leiðarljósi þess.</li> <li>• Fræðslustefna safns skal vera opinber og kynnt á viðeigandi hátt. Starfsmönnum safns skal vera fræðslustefnan ljós.</li> <li>• Fræðslustefna feli í sér leiðir til að virkja gesti og hvetja þá til þátttöku.</li> <li>• Fræðslustefna taki mið af möguleikum safna sem vettvang gagnkvæmrar aðlögunar innflytjenda og íslensks samfélags.</li> <li>• Fræðslustefna undirstriki mikilvægi samstarfs við skólakerfi. Námskrá / aðalnámskrá sé lögð til grundvallar fyrir móttöku skólahópa af öllum skólastigum.</li> <li>• Fræðslustefna taki mið af lýðræðislegu hlutverki safna.</li> <li>• Taka skal mið af sérstöðu safna við gerð fræðslustefnu. Bygðasöfn eru til að mynda svæðisbundin og byggja því stefnumótun sína á þeim grunni.</li> <li>• Fræðslustefna undirstriki mikilvægi rannsókna og auki skilning á fræðum og vísindum.</li> <li>• Í framkvæmd fræðslustefnu sé tekið mið af safngestinum við miðlun, með áherslu á tengsl við samtímann, orsök og afleiðingu.</li> <li>• Safnaráð hafi yfir að ráða gagnagrunni þar sem árangursríkum fræðslustefnum er safnað saman og geta nýst söfnum til viðmiðunar.</li> </ul>
<p><b><u>Um aðstöðu og aðgengi á söfnum:</u></b></p> <p><b><u>Markmið 2</u></b> Söfn séu ábyrg fyrir aðgengi allra. Þau séu vettvangur þar sem einstaklingar og hópar af ólíkum toga geta nálgast fræðslu við hæfi við góðar og viðeigandi aðstæður.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugað sé að fræðslu og aðgengi við hönnun húsnæðis og sýninga og tekið mið af mismunandi þörfum ólíkra hópa og einstaklinga.</li> <li>• Söfn starfi með hagsmunahópum sem búa yfir þekkingu á þörfum hópa með sérstakar þarfir svo sem Öryrkjabandalaginu, Alþjóðahúsi og samtökum aldraðra.</li> <li>• Söfn nýti kannanir og rýnihópa, sem endurspeglu hina ýmsu hópa samfélagsins, við mótun þjónustu, svo sem sýninga, fræðsluefnis og texta sem og við mat á þjónustu.</li> <li>• Söfn kynni sér lög, reglugerðir og staðla sem tryggja aðgengi ólíkra hópa.</li> <li>• Unnin verði samræmd aðferð og staðlar sem geri söfnum kleift að meta eigið aðgengi.</li> <li>• Í kynningarefni safna komi fram skýrar upplýsingar um aðgengi.</li> <li>• Safnaráð safni og miðli upplýsingum um hagnýt úrræði um aðgengi að söfnum (þ.e. hafi upplýsingar um aðferðir og leiðir sem söfn geta nýtt sér til að bæta aðgengi mismunandi hópa). Safnaráð hafi yfir að ráða gátlista um aðgengi að söfnum.</li> <li>• Tekið verði tillit til sérstöðu safnhúsa sem hafa varðveislugildi. Söfn með takmarkað aðgengi nýti aðrar</li> </ul>

	<p>leiðir, til að mynda vefinn, til að miðla upplifun af þeim hluta safnsins sem ekki er aðgengilegur.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Söfn leitist við að bjóða reglulega upp á ókeypis aðgang og kynni hann vel.</li> </ul>
<b>MARKMIÐ:</b>	<b>LEIÐIR:</b>
<p><b><u>Um sérþekkingu tengda fræðslumálum og mat á fræðslustarfi safna:</u></b></p> <p><b><u>Markmið 3</u></b> Söfn undirstriki sérstöðu sína sem vettvangur upplifunar og fræðslu.</p> <p><b><u>Markmið 4</u></b> Fræðslustarf safns byggist á hæfu starfsfólki, traustum sérfræðigrunni safnsins og kennslufræði.</p> <p><b><u>Markmið 5</u></b> Söfn efli tengsl sín við aðrar menntastofnanir og samfélagið varðandi þróun og mat á fræðslustarfi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Söfn undirstriki sérstöðu sína sem vettvangur fjölbreyttrar nálgunar (sbr. fjölgreindarkenning Gardners)<sup>4</sup> og verði í auknum mæli kynnt sem vettvangur óformlegrar fræðslu.</li> <li>• Lögð verði áherslu á styrkleika safna við menntun og miðlun, til að mynda þrívídd, nánd og frelsi og þeir þróaðir áfram.</li> <li>• Söfn geri faglegar kröfur til eigins starfsfólks og nýti sérþekkingu þess til fullnustu.</li> <li>• Söfn veiti starfsfólki sínu tækifæri til reglulegrar endurmenntunar.</li> <li>• Söfn skoði og nýti eftir aðstæðum möguleikann á formlegu jafningjamati starfsfólks og handleiðslu og efli innra gæðaeftirlit.</li> <li>• Starfsmannastefna safna stuðli að því að safnið nái fræðslumarkmiðum sínum.</li> <li>• Starfsmannaskipti innanlands og utan.</li> <li>• Söfn þrói kennslufræðilegar aðferðir í samstarfi við skólastofnanir í sveitarfélaginu eða við háskólastofnanir/deildir á sviði kennslufræði.</li> <li>• Söfn leitist við að skoða og meta mismunandi aðferðir við að nálgast markhópa.</li> <li>• Unnin verði gæðahandbók um starfsemi safna.</li> <li>• Komið verði á fót innra og ytra mati á starfsemi safna.</li> <li>• Söfn kynni í rituðu formi og á vefsíðum hvernig samstarfi við skóla er háttað, svo sem móttöku skólahópa og einnig annarra skilgreindra markhópa.</li> <li>• Heimsókn á söfn verði hluti af formlegu námi.</li> <li>• Samstarfi safna við skólakerfið verði komið í formlegan farveg þar sem námsskrár skóla verði lagðar til grundvallar.</li> <li>• Söfn skoði og nýti eftir aðstæðum leiðir til að efla samstarf við kennara.</li> <li>• Söfn standi fyrir námskeiðum fyrir kennara þar sem þeim er kennt að nýta söfnin.</li> <li>• Söfn treysti samstarf sitt við stofnanir sem sinna endurmenntun.</li> <li>• Reglulegt mat fari fram á árangri af samstarfi safna og</li> </ul>

<sup>4</sup> Sjá bls.5.

	skólakerfis.
<b>MARKMIÐ:</b>	<b>LEIÐIR:</b>
<p><b><u>Um rafræna miðlun á söfnum:</u></b></p> <p><b><u>Markmið 6</u></b> Söfn nýti, möguleika rafrænna miðla eftir aðstæðum.</p> <p><b><u>Markmið 7</u></b> Gagnagrunnar safna á landsvísu verði þróaðir þannig að þeir verði notendavænir og opnir almenningi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Miðlunaraðferðir sem valdar eru styðji þá starfsemi sem safnið stendur fyrir, svo sem gagnasjár, útgáfu CD-diska, skjásýningar, GSM-miðlun, hljóðleiðsögn og fleira.</li> <li>• Söfn leitist við að bjóða útgáfu fræðsluefnis á vefsíðum sínum, bæði fyrir börn og fullorðna.</li> <li>• Söfn leitist við að nýta í auknum mæli fjölmiðla, sjónvarp og hljóðvarp til að miðla upplýsingum,</li> <li>• Hugað verði að þörfum barna við þróun rafrænnar miðlunar.</li> <li>• Söfn skoði, meti og nýti eftir aðstæðum rafræna miðlun til að mæta þörfum fólks með sérþarfir.</li> <li>• Söfn nýti í auknum mæli vefsíður sínar til eflingar safnfræðslu fyrir skóla.</li> <li>• Söfn hafi í huga að netið er miðill sem nýtist þeim sem ekki komast á safnið.</li> <li>• Söfn nýti í auknum mæli vefsíður sínar til að miðla margvíslegu efni, til að mynda núverandi og gömlum sýningum, sýningarskrám og öðru útgefnu efni.</li> <li>• Höfuðsöfn séu leiðandi á sviði sameiginlegra, miðlægra upplýsinga- og gagnagrunna um starfsemi safna.</li> <li>• Menntamálaráðuneytið stuðli að þróun gagnagrunna allra höfuðsafnanna þannig að þeir verði öflugir og notendavænir. Þeir verði fyrirmynd að gagnagrunnum annarra safna.</li> <li>• Valdar upplýsingar úr gagnagrunnum safna verði aðgengilegar almenningi á netinu.</li> <li>• Söfn beiti sér sameiginlega með samningum við rétthafa fyrir því að notkun á gripum og listaverkum í fræðsluskyni á vefnum verði aukin.</li> </ul>
<p><b><u>Um stöðu og ímynd safna:</u></b></p> <p><b><u>Markmið 8</u></b> Söfn styrki stöðu sína og ímynd sem menntastofnanir.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Söfn upplýsi betur um starfsemi sína í mennta- og stjórnsýslukerfinu.</li> <li>• Nýting tákmynda, svo sem hins alþjóðlega safnamerkis, verði samræmd og aukin. Hönnuð verði ný tákni sem gefa þjónustu og aðgengi til kynna.</li> <li>• Gátlisti verði aðgengilegur, til að mynda á vefsvæði Safnaráðs (eða FÍSOS, Félags íslenskra safna og</li> </ul>

	<p>safnmanna), um hvaða grunnupplýsingar þyrftu að vera á vefsvæðum safna.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Söfn verði nýtt sem vettvangur lifandi viðburða í sínu samfélagi, til dæmis með dagskrá í sýningarhúsunum, hverskonar viðburðum, námskeiðum og fyrirlestrum.</li> <li>• Söfn leitist við að nýta fjölbreyttar leiðir til fræðslu, byggðar á föstum sýningum.</li> <li>• Söfn byggi upp þá ímynd að söfn séu staðir fyrir alla til að nota og njóta.</li> </ul>
<b>MARKMIÐ:</b>	<b>LEIÐIR:</b>
<p><b><u>Um kynningu á fræðslustarfi safna:</u></b></p> <p><b><u>Markmið 9</u></b> Söfn kynni starfsemi sína á skýran hátt, taki tillit til þarfa skilgreindra markhópa og leggi áherslu á fræðslustarf í kynningu á starfsemi safnsins.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Söfn greini þarfir ólíkra hópa í samfélaginu og leitist við að koma til móts við þá í þróun þjónustu.</li> <li>• Söfn nýti viðhorfskannanir og árangursmælingar til að kynnast viðhorfum safngesta og mæla árangur af þjónustu sinni.</li> <li>• Söfn hafi samvinnu um kynningu starfsemi sinnar og veiti yfirsýn yfir það sem er í boði.</li> <li>• Miðlun almenns fróðleiks í töluðu máli, ritmáli og myndum sé þannig að gestir geti notið safnsins á eigin vegum.</li> <li>• Söfn merki og kynni starfsemi sína á skýran og augljósan hátt með ýmsum aðferðum.</li> <li>• Söfn komi á öflugum kerfi til kynningar fræðsluefnis og möguleika í fræðslu til skóla, kennara, verðandi kennara og annarra aðila.</li> <li>• Söfn bendi í kynningu á sérstöðu sína sem vettvang upplifunar og á frelsi gesta til að velja og hafna.</li> <li>• Söfn styrki ímynd sína á grunni faglegrar þekkingar og trausta heimilda.</li> <li>• Söfn standi að markaðsrannsóknum og athugun á samsetningu samfélagsins með stækkun notendahópsins fyrir augum.</li> <li>• Söfn vinni markvisst að því að ná til heimamanna og stuðli meðvitað að því með jákvæðum hætti að litið sé á safnið sem vettvang og uppsprettu umræðu og upplifunar.</li> </ul>
<p><b><u>Almennt um menntunarhlutverk safna:</u></b></p> <p><b><u>Markmið 10</u></b> Söfn taki frumkvæði.</p>	

s a f n a r á ð

t h e m u s e u m  
c o u n c i l  
o f i c e l a n d

laufásvegi 12  
101 reykjavík  
sími: 515 9605  
fax: 515 9601

[www.safnarad.is](http://www.safnarad.is)  
[safnarad@safnarad.is](mailto:safnarad@safnarad.is)